



RAFRÆNAR SKRÁNINGAR Á KYNBÓTASÝNINGAR

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Um skjalið

Hér að finna leiðbeiningar um rafrænar skráningar á kynbótasýningar hrossa ásamt skýringarmyndum.

Halla Eygló Sveinsdóttir

halla@rml.is

Rafrænar skráningar á kynbótasýningar

Sú breyting varð um áramótin að allt ráðgjafarstarf búnaðarsambandanna og Bændasamtaka Íslands var flutt yfir í nýtt fyrirtæki sem fékk nafnið Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf (RML). Bændasamtök Íslands hafa falið því framkvæmd kynbótasýninga og munu búnaðarsamböndin því ekkert koma að því starfi. Skráningar verða nú loksins með rafrænum hætti og hér í þessum pisl verður kerfið kynnt.

Opnað verður á skráningar á allar sýningar vorsins samtímis um miðjan apríl. Síðasti skráningardagur er viku fyrir sýningar, nema í þeim tilfellum þar sem sýning fyllist þá lokast sjálfkrafa á sýninguna, þó svo skráningarfræstur sé ekki útrunnin og eigandinn verður að skrá á aðra sýningu. Lena Reiher og Oddný Kristín Guðmundsdóttir munu leiðbeina þeim sem þess þurfa í síma 516-5000, einnig verður hægt að senda þeim tölvupóst á netföngin lr@rml.is og rml@rml.is.

Víkjum nú að skráningarkerfinu. Einfaldasta leiðin er að skrá í gegnum heimasíðu Worldfengs, www.worldfengur.com, (sjá mynd 1) en þar er hægt að smella á hnappinn *Skrá hross á kynbótasýningu*. Munið að hafa við hendina fæðingarnúmer hrossins og kennitölu knapa en það eru upplýsingar sem verða að koma fram.



The screenshot shows the WorldFengur website interface. At the top, there is a navigation bar with the logo and the text "Upprunaættbók íslenska hestsins". Below the navigation bar, there are several menu items: HEIM, FRÉTTIR, SÝNINGAR, SPORT, HROSS, and UM. The main content area is divided into two columns. The left column contains news items with titles like "NA", "Meira", "Ársfundur FEIF haldinn í Strassborg", "Ársfundur FEIF er haldinn þessa helgi í Strassborg, borg Evrópubúa, og hófst fundurinn í gær. Um er að ...", "Meira", "Nýtt stóðhestablað komið út", "Á Ístölt mótinu sem haldið var síðasta sunnudag í Danmörku var kynnt nýtt stóðhestablað sem nefnt er ...", "Meira", and "Allar fréttir". The right column contains a search form titled "Leita að hrossi" with input fields for "Fæðingarnúmer", "Nafn og uppruni", and "Örmerki", and a "Leita" button. Below the search form, there is a note: "Ath. Fæðingarnúmer verður að vera 12 stafir að lengd og byrja á tveggja stafa landskóða. Ef leitað er eftir örmerkinúmeri þá verður að slá allt númerið inn. Ekki er hægt að leita eftir hluta í neinum skilum. Aðeins áskrifandi getur leitað eftir margvíslegum hætti." A red arrow points to a button labeled "Skrá hross á kynbótasýningu" at the bottom of the right column.

Mynd 1. Skrá hross í kynbótasýningu

Þegar það hefur verið gert opnast næsti gluggi (mynd 2).

SportFengur

Kynbótasýningar Mót Námskeið Vörurkarfa Eldri pöntun Hætta

» Kynbótasýningar

Veldu aðildarfélag/ söluaðila
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Athugið skráning er ekki gild nema staðfesting á greiðslu berist. Farið í vörurkarfa til að ganga frá greiðslu.

Knapi/ Sýnandi/ Þátttakandi (ekki greiðandi)

Kennitala: 2309674079 * Netfang: halla@rml.is *

Halla Eygló Sveinsdóttir Sími: 4801800 *

Lágengi 31 Selfoss

Upplýsingar um hest

ISnúmer: IS2003135406 *

Andri frá Skipanesi
Guðmundur Jóhannesson, Halla Eygló Sveinsdóttir

Brúnn/mó-einlitt

Veldu atburð *

Velja sýningu

Kennitala þarf að vera útfyllt til þess að hægt sé að haka við val:

<input type="checkbox"/>	Byggingardómur	1	13500
<input type="checkbox"/>	Hæfileikadómur	2	13500
<input checked="" type="checkbox"/>	Fullnaðardómur	3	18500

Haka við hvað á að dæma

Hér má sjá hvað hross er búið að skrá

Smella hér til að ganga frá greiðslu

VÖRUKARFA

- 14640 - prufa - Fullnaðardómur - Reisa frá Reykjavatni
- 14640 - prufa - Byggingardómur - Móa frá Skólavágs III

Samtals : 32.000,00 kr

Ganga frá greiðslu

Ef skrá á aftur veldu þá söluaðila

Mynd 2. Velja söluaðila, skrá knapa og hross. Velja sýningu og skrá hross í byggingardóm eða fullnaðardóm. Setja í körfu og ganga frá greiðslu þegar búið er að skrá öll þau hross sem á að sýna.

Eins og fram kemur á mynd 2 þarf að velja kynbótasýningar og síðan aðildarfélag/söluaðila sem er Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf. Skrá knapa og fæðingarnúmer hrossins. Velja sýningu og merkja við hvort hrossið á að fara eingöngu í byggingardóm, hæfileikadóm eða fullnaðardóm þ.e. bæði byggingar og hæfileikadóm. Hafi hross verið fulldæmt á almanaksárinu getur eigandi valið að láta nýjasta byggingardóm úr fullum dómi standa við endursýningu. Ekki er hægt að koma með hross í byggingardóm og ætla síðan að koma á næstu sýningu með hrossið í reiðdóm. Þegar þessum aðgerðum er lokið er farið í reitinn setja í körfu. Hrossið færir þá í svo kallaða vörurkarfa. Ef það á að skrá fleiri hross er aftur farið í að **velja aðildarfélag/söluaðila** og ferlið endurtekið þ.e. knapi skráður, hross og sýning valin

og þannig koll af kolli þar til búið er að ská þau hross sem til stendur að sýna. Þá er næst að ganga frá greiðslu því skráning fer ekki yfir í WorldFeng fyrr en greiðsla hefur borist (sjá mynd 3).

SportFengur

Kynbótasýningar Mót Námskeið Vörukarfa Eldri pöntun Hætta

» Vörukarfa

Vörukarfa

Vinsamlegast farið yfir magn og verð þeirra vara sem hefur verið pantað áður en greitt er.

Vara	Verð	Magn
14640 - prufa - Fullnaðardómur - Reisa frá Reynisvatni - Halla Eygló Sveinsdóttir	18.500 kr.	1
14640 - prufa - Byggingardómur - Móa frá Skjöbakka III - Halla Eygló Sveinsdóttir	13.500 kr.	1
14640 - prufa - Fullnaðardómur - Andri frá Skipanesi - Halla Eygló Sveinsdóttir	18.500 kr.	1

Samtals 50.500 kr.

VÖRUKARFA

- 14640 - prufa - Fullnaðardómur - Reisa frá Reynisvatni
- 14640 - prufa - Byggingardómur - Móa frá Skjöbakka III
- 14640 - prufa - Fullnaðardómur - Andri frá Skipanesi -

Samtals : 50.500,00 kr

Ganga frá greiðslu

Ef skrá á aftur veldu þá söluaðila

Áfram

Mynd 3. Hér er listi yfir þau hross sem búið er að skrá, ef allt er eins og það á að vera er smellt á áfram.

Áður er smellt er á áfram er gott að skoða vel hvort ekki hafi verið valin rétt hross og þau séu skráð eins og til var ætlast, þ.e. Reisa í fullnaðardóm og Móa eingöngu í byggingardóm o.s.frv. Með því að smella á ruslafötuna er hægt að eyða skráningu.



Upplýsingar um greiðanda

Fylltu út eftirfarandi svæði vegna greiðslu.
Stjórnúmerkt svæði eru nauðsynleg.

Kennitala:	<input type="text" value="2309674079"/>	*
Nafn:	<input type="text" value="Halla Eygló Sveinsdóttir"/>	*
Netfang:	<input type="text" value="halla@rml.is"/>	*
Heimili:	<input type="text" value="xxxx"/>	*
Póstnúmer:	<input type="text" value="101 Reykjavík - 1"/>	*
Land:	<input type="text" value="Ísland"/>	*
Sími:	<input type="text" value="4801800"/>	*
Sími 2:	<input type="text" value="4801800"/>	*

Athugasemd með skráningu:

Hér er hægt að setja inn óskir um sýningardag en reynt er að taka tillit til þeirra eins og hægt er.

"Væri hægt að hafa Reisu og Máu sama dag og í sama hóp. Knapinn kemur frá Akranesi".

Eða eitthvað slíkt.

VÖRUKARFA

- 14640 - prufa - Fullnaðaródmur - Reisa frá Reykjavíki
- 14640 - prufa - Byggingaródmur - Móa frá Skólavakka III
- 14640 - prufa - Fullnaðaródmur - Andri frá Skipanesi -

Samtals : 50.500,00 kr

[Ganga frá greiðslu](#)

[Ef skrá á aftur veldu þá söluaðila](#)

[Áfram](#)

Mynd 4. Hér eru skráðar upplýsingar um greiðanda og hægt að setja inn óskir um sýningardaga eða annað. Þegar það er klárt er smellt á áfram.

Hér eru skráðar upplýsingar um greiðanda og hægt að setja inn athugasemdir með skráningu síðan er smellt á áfram. Þá kemur upp næsti gluggi (mynd 5).

Skráningarkerfi

Skráning Vörurkarfa Eldri pöntun Hætta

» Vörurkarfa

Yfirlit pöntunar

Vinsamlega farðu yfir pöntun þína hér fyrir neðan.

Til að breyta pöntun getur þú valið Sundurliðuá vörurkarfa, hér til hliðar.

Ef allt er rétt skráð getur þú valið greiðslumáta og haldið áfram með Greiða hnappnum hér að neðan.

Sundurliðun pöntunar

» 14640 - prufa - Fullnaðardómur - Andri frá Skipanesi - Halla Eygló Sveinsdóttir 18.500 kr (1stk)

Samtals: 18.500 kr

Greiðsla með korti Samþykki skilmála [Lesu skilmála](#)

Greiðandi:
2309674079
Halla Eygló Sveinsdóttir
XXXX
101 Reykjavík - 1
Ísland
halla@bssl.is

Til að breyta upplýsingum um greiðanda getur þú valið til baka takkan

Hér hefur verið valið að greiða með millifærslu. Munið að ganga frá greiðslu inn á uppgefinn reikning því krafa stofnast ekki sjálfkrafa í heimabanka.

Greiðsla með millifærslu á reikning Samþykki skilmála fyrir millifærslu

Skráning með millifærslu er ekki gild fyrir en greiðsla hefur borist inn á reikning og kvittun hefur verið send á neðangreint netfang. Pöntunarnúmer þarf að koma fram í tilvísun, pöntunarnúmer birtist þegar greiðsluhnappur hefur verið valinn.

Millifærsla þarf að berast á eftirfarandi kennitölu og reikning:
5801130520 0162-26-010296
Upplýsingar um millifærslu þurfa að berast á eftirfarandi netfang:
lr@rml.is

Þegar greiðsluform hefur verið ákveðið er smellt á greiða.

Til baka Greiða

Mynd 5. Hér er greiðsluform ákveðið og smellt á greiða.

Hér hefur verið ákveðið að greiða með millifærslu og þá birtist mynd 6, ekki stofnast krafa í heimabanka þannig viðkomandi þarf að ganga frá millifærslu sjálfur og þá er mjög mikilvægt að númer pöntunar komi fram.



Athugið skráning er ekki gild fyrr en kvittun fyrir greiðslu berst!



VÖRUKARFA

Pöntun númer 7461 að upphæð 18.500 kr

Karfan þín er tóm

Lýsing SportFengur skráning á atburði hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

14640 - prufa - Fullnaðardómur - Andri frá

Bókaðar voru 1 af 1 færslum

Pöntunarnúmer þarf að koma fram í tilvísun við millifærslu. Kvittun þarf að berast á neðangreint netfang.

Millifærsla þarf að berast á eftirfarandi kennitölu og reikning:

5801130520 0162-26-010296

Upplýsingar um millifærslu þurfa að berast á eftirfarandi netfang:

lr@rml.is

Þú getur prentað út sundurliðað yfirlit hér: [Prenta yfirlit](#)

Þú kemst aftur í skráningu með því smella á eftirfarandi tengil: [Fara í skráningu](#)

Númer pöntunar verður að koma fram þegar gengið er frá millifærslu í banka. Annars er ekki hægt að sjá fyrir hvaða hross var verið að greiða og þá skráist hrossið ekki á sýninguna.

Mynd 6. Hér má sjá reikningsnúmer og kennitölu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Munið að láta pöntunarnúmer fylgja með greiðslu.

Gengið er frá millifærslu inn á uppgefinn reikning. Mikilvægt er að láta pöntunarnúmer fylgja í skýringu svo hægt sé að sjá fyrir hvað hross var verið að greiða. Eins og áður hefur komið fram færirst hrossið ekki inn á sýningu fyrr en bóúið er að ganga frá greiðslu inn á þennan reikning. Það má því segja að einfaldast sé að greiða með kreditkorti því þá er hægt að ganga frá þessu öllu í einu.

Víkjum nú að þeim sem ákváðu að ganga frá greiðslu með kreditkorti. Hafi á mynd 5 verið hakað í að greiða með korti kemur upp eftirfarandi gluggi (mynd 7).



» Skráning » Greiðsla

Greiðsla með kreditkorti


Greiðsla á pöntun nr. 7465 að upphæð 18.500 kr

Lýsing SportFengur skráning á atburð(i) hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

14640 - prufa - Fullnaðardómur - Andri frá Skipanesi - Halla Eygló Sveinsdóttir

Bókaðar voru 1 af 1 færslum

Kvittun verður send á netfangið halla@rml.is



Karfan þín er tóm

Ef þú getur ekki greitt núna, þarf að fara aftur í gegnum skráningarferlið

Athugaðu að skráning þarf að vera greidd til að teljast fullgild.

Kortategund

Kortanúmer

Gildistími korts

Öryggisnúmer korts [Hvar er öryggisnúmerið?](#)

18.500,00 ISK

PRUFU FÆRSLA KORTA Netgreiðslur eru öruggar! [Meira...](#)

Upplýsingar um kortið
slegnar inn og gengið
frá greiðslu.

Mynd 7. Hér eru settar inn upplýsingar um kortið og gengið frá greiðslu. Hrossið skráist um leið á viðkomandi sýningu.

Hér eru gefnar upp upplýsingar um kortið og smellt á greiða núna. Þá kemur upp eftirfarandi gluggi ef allt hefur verið í lagi (mynd 8).



Greiðsla móttekin!

Allt klárt og búið að skrá
hrossið inn á sýninguna.

SportFengur skráning á atburð(i) hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Pöntun : 7465

Tími greiðslu : 25-03-2013 15:00:56

Kortategund : VISA

Síðustu 4 í kortanúmeri : 7492

Þú getur prentað út sundurliðaða kvittun hér: [Prenta kvittun](#)

Mynd 8. Hér kemur fram að allt er til reiðu fyrir sýningu.

Hér er hægt að prenta úr kvittun eða fara aftur yfir í Sportfeng ef það hefur nú ef til vill gleymst að skrá eitt hrossið. Hafi greiðsla ekki gengið í gegn, gæti hafa verið slegið inn rangt kortanúmer eða ekki er heimild á kortinu og þá verður viðkomandi að hafa samband við sinn viðskiptabanka.

Endurgreiðslur á sýningargjöldum koma því aðeins til greina að látið sé vita um forföll fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir sýningu í síma 516-5000 en einnig er hægt að senda tölvupóst á netföngin lr@rml.is og rml@rml.is . Endurgreitt er kr. 11.000,- fyrir hross sem skráð hefur verið í fullnaðardóm og kr. 8.000,- fyrir hross sem aðeins hefur verið skráð í sköpulags- eða hæfileikadóm. Slasist hross eftir að sýning hefst er sama hlutfall endurgreitt gegn læknisvottorði. (*Verð miðast við árið 2013*).

Til að hægt sé að skrá hross á sýningu verður hrossið að vera grunnskráð og einstaklingsmerkt annars fer skráning ekki í gegn. **Varðandi skráningu á stóðhestum í sýningu fer skráning ekki í gegn nema búið sé að uppfylla reglur um sönnun á ætterni, til sé blóð og búið sé að taka röntgenmynd af hæklum.** Það heyrir nú sögunni til að hægt sé að mæta á síðustu stundu með vottorð um að þetta sé klárt, því það er einfaldlega ekki hægt að skrá hestinn á sýningu nema þetta sé í lagi. Allir stóðhestaeigendur eiga að vera meðvitaðir um þessi atriði því þau hafa verið við líði í nokkur ár. Vonandi á þessi nýjung eftir að mælast vel fyrir meðal knapa og hrossaeiganda. Röðun hrossa niður á daga mun svo verða birt á heimasíðu RML www.rml.is nokkrum dögum fyrir sýningu. Sjáumst á kynbótasýningum vorsins.

Halla Eygló Sveinsdóttir, hrossaræktarráðunautur
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.